

Skipulagsstofnun

Sent í skipulagsgátt

Egilsstaðir 1. júlí 2024

Umsögn Landverndar um áformað verkefni Carbfix, CODA TERMINAL

Landvernd hefur miklar áhyggjur af stöðu loftslagsmála á heimsvísu og telur allar hugmyndir sem miða að því að farga og geyma kolefni vera til góða en heldur á lofti varúðarreglu umhverfisréttar þegar kemur að framkvæmd þeirra. Þar ber þó að hafa í huga að verkefni mannkyns er fyrst og fremst að draga úr losun og allri ósjálfbærri auðlindanýtingu. Landvernd deilir áhyggjum íbúa og nærumhverfis vegna áhrifa á lífríki og náttúru og lífsskilyrði fólks í svo miklu návígi við stórfelldan innflutning móttöku og förgun á koldíoxíði.

Íbúar svæðisins hafa kallað eftir íbúakosningu vegna staðsetningar verkefnisins og telur Landvernd að sjálfsagt sé að verða við þeirri bön þar sem nærsamfélög eiga að hafa sterka rödd við ákvarðanatöku sem snertir þau beint og allar upplýsingar skuli liggja fyrir við afgreiðslu þeirra.

Aðgerðir í loftslagsmálum má flokka í tvo flokka, þ.e. grænar aðgerðir og gráar aðgerðir. Grænar aðgerðir notfæra sér náttúrumiðaðar lausnir (e. nature based solutions) en gráar aðgerðir ríka aðkomu mannsins. Grænar aðgerðir skuli vera í forgangi og gráar aðgerðir í minnihluta. Carbfix notfæra sér náttúruleg ferli kolefnisbindingar í steindum en flýta fyrir þeim með aðgerðum sem valda raski á náttúrulegum fyrirbærum líkt og verndarsvæðum og náttúruminum á svæðinu og grunnvatni. Enn ríkir óvissa um áhrif þessara þátta. Því má segja að Carbfix sé grá aðgerð, eða mögulega hybrid aðgerð þar sem geymslan er varanleg í formi bergs. Hvað varðar Coda Terminal, þá er um nýjar aðstæður að ræða og eftir á að sannreyna bindingu á þessu svæði.

Landvernd vill benda á að stjórnvöldum ber að láta verkefni sem þessi ekki bera meginþunga í viðbrögðum Íslands við loftslagsvandannum, sér í lagi þar sem um losun frá öðrum löndum er að ræða, og hvetur þau sem að verkefninu standa til að nýta stöðu sína í að benda á mikilvægi þess að draga úr losun.

Þá vill Landvernd benda á að trúverðugleiki verkefnisins byggist að miklu leiti á því hvaða aðila viðskipti verða við um bindingu en mikilvægt að þeir viðskiptavinir séu búnir að draga úr losun sinni áður en farið verður í að taka við losun frá þeim og binda. Einnig skiptir máli að starfsemi þeirra sé ekki byggð á ósjálfbærri auðlindanýtingu og óþarfa neyslu.

Traust á eftirliti og eftirfylgni

Verkefnið á að skala upp og er fyrsti áfangi verkefnisins 0,7 milljón tonn af CO₂ árlega. Óvissa ríkir um fjölda borhola til áfangans en talið að þær geti orðið allt að 24.

Landvernd þykir stærðargráða fyrsta áfanga há, sérstaklega þegar kemur að óvissu um áhrif á grunnvatn en rætt er um að áformin geti haft áhrif á seltu og hitastig grunnvatnsins. Þá hefur Carbfix ekki reynt bindingu á þessu svæði áður og bindigeta borhola er einnig óviss en hitastigull bergsins og lekt eru ekki þekkt en Carbfix aðferðin krefst ákveðins hitastigs og lektar til að bindingin nái tilsettum árangri. Landvernd telur að hér verði að flýta sér hægt til að aðgæta um áhrif þessi áður en lengra er haldið.

Einnig vekur það athygli að framkvæmdaleyfið er fyrir öllum áformuðum áföngum verkefnisins og ekki er ljóst að hvaða leiti mat á áhrifum muni fara fram af höndum opinberra eftirlitsaðila og hvaða eftirlit verður á höndum framkvæmdaaðila. Það hefur nýlega sýnt sig að stjórnvöld hafa ekki staðið sig gagnvart eftirliti á umhverfisáhrifum ýmissa verkefna á borð við fiskeldi og nú síðast fyrirtækinu Running Tide. Úr því verður að bæta og aðkoma stofnanna við eftirlit og þá veitingu leyfa á stækkun hlýtur að vera eina leiðin til þess að viðhafa traust almennings. Það kann seint góðri lukku að stýra að láta framkvæmdaaðila hafa eftirlit með sjálfum sér. Að gefið sé leyfi fyrir öllum áföngum meðan verkefnið er enn á rannsóknarstigi bendir til að leyfisveitendur viðhafi ekki nægilega varúð og leyfi verkefninu að fara fram úr sér, í stað þess að taka traust og örugg skref með því að gefa leyfin smám saman og tilraunaáfanga fyrst.

Landvernd leggur til að áður en ráðist er í fyrsta áfanga verði gefið rannsóknarleyfi fyrir færri borholum og svo verði veitt áframhaldandi starfsleyfi fyrir hvern áfanga fyrir sig af Umhverfisstofnun samkvæmt 33. c gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir á grundvelli reglugerðar nr. 1430/2022 um geymslu koldíoxíðs í jörðu. Þá sé bindingin sannreynd milli áfanga.

Margt virðist enn óljóst og jafnvel órannsakað. Þannig vantar nákvæmt mat á því vatnsmagni sem þarf til verkefnisins, sem er mikið, en hugmyndir um að nota sjó virðast ekki hafa orðið annað en hugmyndir.

Vöktun á mögulegum lekum

Í umhverfismatsskýrslunni er vikið að mögulegum lekum á koltvísýringi út í andrúmsloftið. Í mikilli stillu geta myndast pollar koltvísýrings í lægðum og dældum landslagsins sem geta reynst hættulegar mönnum og dýrum. Því er mikilvægt að eftirlit með slíkum lekum sé staðbundið og að fljótt verði brugðist við komi til leka á gasinu og því skal ekki taka léttúðlega. Vegna áhættuþátta er staðsetningin rétt við byggðina í Hafnarfirði óheppileg og afleiðingar af mengun, vatnsskorti, lekum, bergbroti eru ófyrirsjáanlegar og gætu orðið alvarlegar á þéttbýlu svæði.

Jákvæð áhrif á ferðamennsku?

Landvernd dregur í efa að verkefnið komi til með að laða ferðamenn að svæðinu. Ferðamenn sem koma hingað til lands koma hingað fyrst og fremst til þess að aðgæta óspillta náttúru. Fullyrðing um að verkefnið komi til með að setja Ísland á lista ríkja í fararbroddi í loftslagsmálum þykir samtökunum vera hæpið og benda á að binding þessi, verði hún að veruleika, mun ekki breyta því að Ísland stendur sig illa í loftslagsmálum á alþjóðlegum mælikvarða og er kolefnisspor Íslendinga með því hæsta í heimi. Það er mikilvægt að verkefni sem þessi varpi ljósi á losun innanlands og þær aðgerðir sem ráðast verður í til að draga úr losun, hvort sem það er samfélagslosun, ETS eða losun frá landi eins og framræstu votlendi.

Samlestur með öðrum tengdum áformum

Uppbygging hafnar í Straumsvík og efnistaka hennar vegna hafa neikvæð áhrif á þætti sem teljast óverulegir í umhverfismati þessu en það verður ávallt að skoða í samhengi. Má þar nefna áhrif á landslag og ásýnd. Þá hefur verið áformað um losun vegna framkvæmdar þessarar, sem er mjög jákvætt, en Landvernd þætti sérstaklega við hæfi að skoða losun vegna efnistöku og framkvæmda við höfnina því hún gæti talist veruleg.

Að lokum

Áform þessi eru stór og mikil en loftslagsvandinn er stærri. Mannkynið þarf að ráðast í alls kyns aðgerðir til þess að draga úr manngerðri losun, auka bindingu lands og fanga og farga kolefni sem nú þegar er komið út í andrúmsloftið. Tíminn er stuttur en gæta verður að því að þær lausnir sem farið verður í valdi ekki skaða á samfélög og lífríki. Of stór skref þar sem óvissa ríkir um mikilvæga þætti gætu verið skref aftur á bak en ekki hluti af lausn vandans. Landvernd minnir á varúðarreglu umhverfisins. Náttúran á að njóta vafans.

Með vinsemd og virðingu,

Þorgerður María Þorbjarnardóttir

Formaður